



## Fundur háskólaráðs 14. september 2000

### Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 08.09.2000 10:14:21  
Dags: 14.09.2000

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

10/2000

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 14. september var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Háskólaráð samþykki að Sæþór L. Jónsson, forstöðumaður Reiknisstofnunar Háskólans, verði skipaður fulltrúi Háskóla Íslands í NORDUnet. – Samþykkt einróma.
- 1.2 Rektor óskaði eftir samþykki ráðsins við að leita til innlendra sérfræðinga í stað erlendra um ráðgjöf varðandi stjórn og stjórnarsýslu Háskólans. – Samþykkt einróma.
- 1.3 Rektor tilkynnti að í samræmi við framkvæmdaáætlun verði Bjarkargata 6 seld á næstunni.
- 1.4 Háskólaráð staðfesti einróma að dómnefndarstörf eru ekki og hafa ekki verið hluti af starfsskyldum prófessora.
- 1.5 Ákvörðuninni frá 25. maí s.l. um að fella niður kennslu frá kl. 11:00, fimmtudaginn 14. september í tilefni stúdentadagsins var breytt til föstudagsins 15. september að ósk Stúdentaráðs og í samráði við deildaforseta.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lögð fram gögn varðandi undirbúning að stofnun hlutafélags um rekstur rannsóknna- og háskólanets á Íslandi. Sæþór L. Jónsson, forstöðumaður Reiknisstofnunar Háskólans, kom á fundinn og kynnti málið.
- 2.2 Lagt fram bréf dags. 23. ágúst frá Jóhanni Ág. Sigurðssyni, forseta læknadeildar, ásamt reglum og leiðbeiningum fyrir dómnefndir og framgangsnefndir um stöðuveitingar, stöðuhækkanir og þrepahækkanir í Læknadeild Háskóla Íslands. Háskólaráð samþykkti að vísa málinu til umsagnar Samráðsnefndar um kjaramál.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Rannsóknasamningur við ríkið.  
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og greindi frá stöðu viðræðna Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis um samning um fjármögnun rannsókna í Háskóla Íslands. Fram var lagt minnisblað dags. 7. þ.m. um málið. Í viðræðunum hefur verið fjallað um fjármögnun rannsókna, gæði rannsókna og tengsl Háskóla Íslands við ýmsar rannsóknastofnanir.  
Fjármögnun rannsókna mun skiptast í þrjá hluta: Grunnfjárveitingar, árangurstengda fjárveitingu og fjárveitingu til skilgreindra rannsóknaverkefna.  
Fyrirhugaður samningur um fjármögnun rannsókna var ræddur og svaraði Ingjaldur

- fjölmörgum fyrirspurnum sem fram komu.
- 3.2 Níutíu ára afmæli Háskólans.  
Rektor greindi frá því að Háskóli Íslands eigi níutíu ára afmæli á næsta ári. Rektor var falið að skipa starfshóp til þess að undirbúa afmælið.
  - 3.3 Uppbygging meistara- og doktorsnáms.  
Fram voru lögð drög að áætlun um framhaldsnám við Háskóla Íslands til ársins 2005. Rektor skýrði áætlunina, sem leggur áherslu á öfluga uppbyggingu meistara- og doktorsnáms.

#### **4. Önnur mál**

- 4.1 Fram var lögð samantekt, Vilmundar Guðnasonar, forstöðulæknis Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar vegna hugsanlegs samstarfs um byggingu rannsóknarhúsnæðis á háskólalóð dags. 5. þ.m. Rektor greindi frá málinu og ræddi almennt um framtíðarhugmyndir um uppbyggingu á háskólalóðinni. Málið var rætt ítarlega. Rektor var falið að vinna áfram að málinu og kynna það deildaforsetum.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 16:05